

10. Vesturdalsvegur frá Jökulsárbrú hjá Goðdölum að Litluhlíð.
11. Austurdalsvegur frá Þjóðveginum sunnan Silfrastaða að Merkgigli.
12. Dýrfinnustaðavegur frá Þjóðveginum sunnan Kyrfisár hjá Dýrfinnustöðum, Brekkukoti og Axlarhaga á Þjóðveginn sunnan Þverár.
13. Miðvegur frá Þjóðveginum hjá Garði í Hegranesi um Ríp að Eyhildarholti.
14. Vesturvegur frá Þjóðveginum norðan Hellulands um Kárastaði á Miðveginn hjá Ketu.
15. Bakkavegur frá Þjóðveginum við Narfastaði hjá Bakka og Brimnesi á fyrirhugaðan Þjóðveg fyrir austan Litlahól.
16. Fram-Hjaltadalsvegur frá Hólum að Hofsa.
17. Kolbeinsdalsvegur frá Kolbeinsárbrú að Unastöðum.
18. Deildardalsvegur frá Þjóðveginum norðan Grafaróss að Kambi í Deildardal.
19. Unadalvegur frá Þjóðveginum fyrir norðan Hof að Bjarnastöðum í Unadal.
20. Bæjarvegur frá Hofsóss hjá Bæ á Þjóðveginn hjá Mannskaðahóli.
21. Hrolleifsdalsvegur frá Lónkotsmöl fram Hrolleifsdal að Geirmundarhóli.
22. Sléttuhlíðarvegur frá Þjóðveginum norðan Hrolleifsdalsár hjá Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Þjóðveginn hjá Keldnakoti.
23. Flókadalsvegur frá Þjóðveginum vestan Sandóss, fram Flókadal að Krakavöllum.
24. Sléttuvegur frá Þjóðveginum vestan Fljótaár hjá Sléttu að Gautastöðum.

2. gr.

Með breytingu þessari falla úr gildi breytingar, sem gerðar voru á samþykktinni 1937 og síðar.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Söngmálasjóð Þormóðs Eyjólfssonar á Siglufirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 4. marz 1943.

36

4. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Söngmálasjóðs Þormóðs Eyjólfssonar á Siglufirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 15. apríl 1942 af Karlakórnum Visi á Siglufirði, á sextugsafmæli Þormóðs Eyjólfssonar, söngstjóra. Sjóðurinn heitir Söngmálasjóður Þormóðs Eyjólfssonar á Siglufirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500.00 — fimmtán hundruð — krónur.

36

4. marz

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, ásamt því er sjóðnum kann að bætast á annan hátt, þar til hann er orðinn kr. 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Úr því má verja hálfum ársvöxtum samkvæmt skipulagsskrá þessari, en aldrei skal leggja minna en hálfa ársvexti við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur. Má þá verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta samkvæmt skipulagsskrá þessari, en þó skal aldrei leggja minna en $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxta við höfuðstólinn, hversu mikill sem sjóðurinn kann að verða.

4. gr.

Fyrir stofnfé sjóðsins skulu keypt veðdeildarbréf, eða önnur jafn vel tryggð verðbréf, er eigi gefa lægri vexti. Það, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum eða á annan hátt svo og vextir, skal ávaxtast í Sparisjóði Siglufjarðar þar til upphæðin er orðin nægileg, til þess að kaupa fyrir hana veðdeildarbréf eða önnur jafn vel tryggð verðbréf. Jafnóðum og hvert veðdeildarbréf sjóðsins er útdregið, skal andvirði þess varið til kaupa á nýjum veðdeildarbréfum eða öðrum jafn vel tryggðum verðbréfum.

Sá hluti ársvaxtanna, er kemur til úthlutunar árlega, skal ávaxtaður á innláns-skirteini í Sparisjóði Siglufjarðar.

5. gr.

Veðdeildarbréf sjóðsins skulu geymd í Sparisjóði Siglufjarðar, þar til þau eru útdregin.

Hvert veðdeildarbréf sjóðsins (eða verðbréf) skal nafnskrá í bókum sparisjóðsins og á þau ritað, að eigi sé leyft að afhenda neitt þeirra né kvitta, nema með vitund og samþykki allrar stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að launa söngstjóra karlakórs á Siglufirði, er beri nafnið „Vísir“ — kórs, sem stjórn sjóðsins telur styrks verðan, á hverjum tíma.

7. gr.

Nú skyldi koma fyrir eitt eða fleiri ár, sem enginn karlakór með nafninu „Vísir“ starfaði á Siglufirði, leggjast þá allir ársvextir við höfuðstólinn, þar til stofnaður verður kór með því nafni á Siglufirði.

Dragist hins vegar stofnun kórsins í 10 ár, þá heimilast sjóðstjórninni að styrkja efnilegan mann eða menn af Siglufirði til söngnáms, með vöxtum þeim, sem ætlaðir eru til úthlutunar árlega, þó eigi sama mann nema um 5 ára skeið.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að árleg laun söngstjóra karlakórsins „Vísir“ nema kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur, þá heimilast sjóðstjórninni að verja þeim vöxtum, sem árlega koma til úthlutunar og eru fram yfir kr. 10000.00, til þess að efla söngmennt á Siglufirði á hvern þann hátt, er hún telur æskilegastan.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Bæjarfógetinn á Siglufirði og er hann formaður stjórnarinnar, héraðslæknirinn í Siglufirði og Þormóður Eyjólfsson meðan hans nýtur við, en síðan formaður karlakórsins „Vísir“ á Siglufirði.

Starfi „Vísir“ ekki, tekur sóknarpresturinn sæti í sjóðstjórninni í stað formanns „Vísir“.

10. gr.

Verksvið sjóðstjórnarinnar er að hafa umsjón með fjárreiðum sjóðsins, ákveða og sjá um úthlutun launa eða styrks og annast reikningshald sjóðsins.

Skal stjórnin koma saman svo oft sem nauðsyn krefur, og eru ákvarðanir hennar því aðeins bindandi, að allir stjórnarmeðlimir séu mættir.

Formaður kallar saman stjórnarfundi.

36

4. marz

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans gerðir upp árlega fyrir febrúarmánaðarlok og þá komnir til endurskoðenda, en þeim ber að hafa endursent reikningana til sjóðstjórnarinnar með athugasemdum sínum fyrir marzmánaðarlok, og má þá úthluta úr sjóðnum samkvæmt 3. gr.

12. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir: Gjaldkeri Siglufjarðarkaupstaðar og skólastjóri barnaskóla Siglufjarðar. Skulu þeir gæta þess að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt, auk þess sem þeir athuga reikningshald sjóðsins og fullvissa sig um sjóðseignina.

13. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa, samkv. 3. grein.

14. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá þessari.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnessýslu nr. 54 1938.

37

4. marz

2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Með sjóði þessum skal uppbyggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem nú eru eða síðar verða lagðir, eftir þeim reglum, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma.

Sýsluvegir eru þeir sem hér segir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut neðan Selvogsheiðar að túnhliði á Bjarnastöðum.
2. Þorlákshafnarvegur frá Suðurlandsbraut nál. Litla-Landi að Þorlákshöfn.
3. Hraunsvegur af Þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
4. Bæjaborpsvegur af Suðurlandsbraut að Kröggólfsstöðum.
5. Hveragerðisvegur af Þjóðveginum við Ölfusréttir að Mjólkurbúi Ölfusinga.
6. Arnarbælisvegur af Þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
7. Grafningsvegur frá Alviðru að Úfljótuvatni.
8. Stiflisdalsvegur af Þingvallavegi að Stiflisdal.
9. Laugardalshólavegur frá Miðdalskotu um Laugardalshóla að Böðmóðsstöðum.
10. Sólheimavegur frá Borg um Sólheima, nál. Kringlu og Bjarnastöðum á Grímsnesbraut austan Svínavatns.
11. Kiðjabergrvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi á Grímsnesbraut vestan við Höskuldslæg.
12. Búrfellsvegur frá Sogsvegi hjá Ásgarði að Búrfelli.
13. Tjarnarbraut frá Torfastöðum um Tjörn að Miðhúsum.
14. Syðri-Reykjavegur frá Tjarnarbraut að Syðri-Reykjatóni.